

# Náttúran dreifði eldislökum hundruð kílómetra

Árni Sv. Mathiesen  
Jón Sch. Thorsteinsson  
Kálmán Christer  
Særós Eva Óskarsdóttir  
höfundar starfa allir hjá Arev

**I**síðasta tölublaði Vísbindingar<sup>1</sup> birtist grein eftir höfunda sem eru starfsmenn Arev þar sem fjallað var um áhættumat erfðablöndunar sem byggði á vinnu sem unnin var fyrir Landssamband veiðifélaga. Þar kom fram það mat Arev að líkkindadreifingar í áhættumati Hafrannsóknastofnunar væru ekki í samræmi við nýlegar slysasleppingar.

Athugasemdir komu fram m.a. frá Hafraunnsóknastofnun um mat Arev á dreifingu eldislaxa um landið. Arev hefur því haldið áfram vinnu sinni að eigin frumkvæði og lagt sérstaka áherslu á að skoða betur dreifingu laxa úr slysasleppingunni frá Patreksfirði síðastliðið sumar.

Að því gefnu þá er áhugavert að reyna að leggja mat á það hve hátt hlutfall laxanna skiluðu sér í veiðivötn<sup>2</sup> annars vegar og hvernig þeir dreifust um landið hins vegar.

Laxar úr slysasleppingunni fóru ýmist vestur um eða austur um. Fleiri fundust austan megin, ekki síst vegna þess að frjósamari ár<sup>3</sup> eru við Húnaflóa en Breiðafjörð. Hafstraumar við landið höfðu einnig áhrif.

## Fréttir af slysi

Eftirfarandi frétt birtist á vef Ríkisútvarpsins<sup>4</sup> í hádeginu 30. ágúst sl.:

„Fiskistofa leitar að strokulaxi í Patreksfirði og Arnarfirði og biður veiðimenn að senda slíka fiska til greiningar. Undanfarið hefur verið tilkynnt um hugsanlega strokulaxa úr laxeldi í ám á Vestur- og Norðvesturlandi.“

Nokkrum klukkustundum síðar birtist önnur frétt á vef Ríkisútvarpsins<sup>5</sup>:

„Búið er að slátra laxi úr sjókvi í Kvígindisdal í Patreksfirði, sem tvö göt komu á fyrir rúmri viku. Allt að 3.462 eldislaxar gætu hafa sloppið úr kvínni, miðað við talningar.“


Tæplega mánuði síðar birtist eftirfarandi tilkynning á vef Hafrannsóknastofnunar<sup>6</sup>:

„Hafrannsóknastofnun hefur óskað eftir því að Samráðnefnd um fiskeldi fresti frekari umföllun um áhættumat erfðablöndunar þar til endurskoðun áhættumatsins liggur fyrir.“


Eftirfarandi setningar eru úr tilkynningu sem birtist á vef Hafrannsóknastofnunar<sup>7</sup> í lok ársins:

„Af 416 meintum eldislökum hafa 298 verið greindir til uppruna. 110 laxar eru enn í greiningu. Átta laxar af norskum uppruna og með útlit eldislaxa hafa ekki enn verið greindir til upprunastaðar.“

EKKI hafa borist frekari opinberar upplýsingar um greiningar. ▶




▲ Mynd 1: Fjöldi laxa (y-ás), nöfn veiðivatna (x-ás að neðan) og fjarlægðir í km frá sleppistað (x-ás að ofan).




▲ Mynd 2: Bláu súlurnar sýna fjölda eldislaxa í hinum ýmsu veiðivötnum austan við sleppistaðinn. Lituðu ferlarnir sýna hvernig ýmsar líkkindadreifingar nálgar dreifingu laxanna

”

Hafstraumarnir geta  
því hjálpað fleiri  
löxum bæði að fara  
til austurs, og að  
komast lengra



▲ Mynd 3: Hlutfall eldislaxa af heildarfjölda sloppinna laxa (454) á hverjum stað austan við sleppistað er sýnt á y-ás og fjarlægð frá sleppistað í km á x-ás.



▲ Mynd 4: Hlutfall eldislaxa af heildarfjölda sloppinna eldislaxa (454) í viðkomandi veiðivatni vestan við sleppistað er sýnt á y-ás og fjarlægð frá sleppistað í km á x-ás

## Talnævinnsla

Á vef Landssambands veiðifélaga<sup>8</sup> var haldið utan um allar tilkynningar um strokulaxa. Arev studdist við þessar tilkynningar í vinnusinni. Skv. þessum tölum fundust 463 strokulaxar, sem er nokkru meira en þeir 406 laxar sem bárust Hafrannsóknastofnum. Úr tölum Landssambandsins voru svo fjarlægðir þeir laxar sem getið er um í tilkynningu Haf-rannsóknastofnum frá því í desember og voru augljóslega ekki úr Patreksfirði.

Eftir stóðu þá 454 laxar úr 57 veiðivötum. Petta er sýnt á mynd 1.:

Við freistuðum þess að reyna að finna dreifingar til austurs og vesturs með því að nota scipy<sup>9</sup> og fitter<sup>10</sup> forritin í python. Sjá

mynd 2. Flestar lýsa þær dreifingunni nokkuð vel samkvæmt KS tölfraðiprófi.

Til að lýsa dreifingunni austan megin var logra gamma líkindadreifingin valin samanber mynd 3. Formúlu þeirrar dreifingar má sjá hér:

$$f_{austur}(x) = \text{loggamma}(x, \alpha=0.29, loc=370, \beta=36)$$

Til að lýsa dreifingunni vestan megin var Weibull líkindadreifingin valin, samanber mynd 4. Formúlu Weibull dreifingarinnar má sjá hér:

$$f_{vestur}(x) = \text{Weibull}(x, \alpha=17, loc=-98, \beta=1180)$$

## Ályktanir og niðurstöður

Það sem er athyglisverðast við þessar myndir er að þeir laxar sem fóru austur um náðu lengra en þeir sem fóru vestur um. Á hinn bóginn eru aðstæður við Húnaflóa miklu betri en aðstæður í Dölunum og við Snæfellsnes. Húnaflói virðist þannig vera heppilegur lendingarstaður fyrir fiskana sem sluppu og gnægð af vatnsmíklum og frjósömum ám sem þeir gátu gengið upp í.

Í ljós kemur að um 22% fiskanna leita til vesturs en 78% í austur. Þetta kemur aðeins á óvart því að ef litið er til frjósemi á Anna, þá eru tvöfalt fleiri villtir laxar í þeim ám sem eru austan megin og innan 400 km frá sleppistaðnum en vestan megin. Ef einungis væri miðað við frjósemi Anna þá hefðu laxarnir átt að skiptast í hlutföllunum 33% til vesturs og 67% til austurs. Munurinn er því 11 prósentur. Hafstraumar umhverfis landið geta þó haft sitt að segja þar sem þeir liggja réttssælis um landið. Hafstraumarnir geta því hjálpað fleiri löxum bæði að fara til austurs, og að komast lengra.

Í núverandi áhættumatslíkani Hafrannsóknastofnum er stuðt við eina líkindadreifingu til að lýsa dreifingu laxa sem sleppa ýmist til austurs eða vesturs. Sleppingin frá Patreksfirði bendir til að betur fari á því að nota tvær dreifingar, hvora til sinnar áttar. ≈

## Tilvísanir

- Visbending 16. tbl. 42. árg. <https://visbending.is/greinar/ahettumat-fyrir-erfdablondu-laxa/>
- Hugtakid veiðivötnir er notað yfir ár og vötun
- Frjósemi ár tengist því hve margar vilta laxa hún getur boriið
- <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-08-30-grunur-un-ad-strokulax-gangir-i-laxveidilar-um-allt-nordvestanvert-landid-390661>
- <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-08-30-taeplega-3500-eldislaxar-gaetu-hafa-sloppid-ur-sjokvi-arctic-seafarm-390665>
- <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/hafnansoknastofn-un-endurskodar-ahettumat-erfdablonunar>
- <https://www.hafogvatn.is/is/moya/news/stada-greiningar-a-meintum-eldislaxi-18-desember>
- <https://strokulax.is/>
- <https://docs.scipy.org/doc/scipy/reference/stats.html>
- <https://fitter.readthedocs.io/en/latest/>